

ÁRSSKÝRSLA BÓKASAFNS REYKJANESBÆJAR 2004

INNGANGUR OG LYKILTÖLUR

Hlutverk skv. 1. gr. laga nr. 36/1997

Almenningsbókasöfn eru upplýsinga- og menningarstofnanir. Hlutverk þeirra er að veita fólki, bæði börnum og fullorðnum, greiðan aðgang að fjölbreyttum bókakosti og öðrum miðlunargögnum, þar á meðal tölvubúnaði og upplýsingum á tölvutæku formi. Þau skulu efla frjálstan og óheftan aðgang almennings að upplýsingum og þekkingarmiðlum. Söfnin skulu hvert á sínu þjónustusvæði kappkosta að vera menningarstarfi og atvinnulífi til styrktar og hafa tiltækar upplýsingar fyrir almenning um opinberar stofnanir og þjónustu. Markmið þeirra skal vera að efla íslenska tungu, stuðla að símenntun og örva lestraráhuga.

Helstu verkefni ársins

Tengin við Gegni, landskerfi bókasafna, var aðalverkefni ársins. Stefnt er að ljúka því um mitt ár 2005. Að öðru leyti var starfsemi safnsins hefðbundin og deildarstjórar og umsjónarmenn gera ítarlega grein fyrir starfsemi þess hér í þessari skýrslu.

Starfsmannamál

Þóra Jónsdóttir, deildarstjóri aðfangadeildar, hvarf til annarra starfa í sumarbyrjun og í hennar stað var ráðin Guðrún Eyjólfsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur. Rebekka E. Guðfinnsdóttir, aðstoðarforstöðumaður og deildarstjóri útlánadeildar lét einnig af störfum í lok sumars að eigin ósk vegna aldurs og í hennar stað voru ráðnar Svanhildur Kjær í 65% starf og Sigríður S. Sæmundsdóttir í 30% starf. Erla Helgadóttir hætti störfum í útlánadeild og fór í ýmis sérverkefni t.d. vinnu við ljóðabanka safnsins. Einn nemandi úr Holtaskóla var hjá okkur í starfskynningu á árinu.

Ný vefsíða

Ný vefsíða Bókasafns Reykjanesbæjar var opnuð 24. júní, www.reykjanebaer.is/bokasafn. Vefurinn er að mestu leyti lestrarhvetjandi en einnig er á honum að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar og skýrslur. Svanhildur Eiríksdóttir er umsjónarmaður vefsins og henni til aðstoðar er María Ögmundsdóttir.

LYKILTÖLUR: (tölur frá síðasta ári í sviga)

Útlán: 104.107 (107.726) fækkun sem nemur 3,619 útlánnum

Útlán á íbúa: 9,5 (9.9)

Skráðir lánþegar: 9.566 (9.060) fjölgun um 506.

Gestir: 92.024 (91.000) gestir á ári, 312 (300) að meðaltali á dag

Þjónustutími: 56 klst á viku yfir veturinn / 51 klst á viku yfir sumarið (56 / 51)

Þjónustudagar: 300

Starfsfólk: 14 manns í 11,75% stöðugildum á bókasafni og undirdeildum.

AÐFANGAÐEILD

Hlutverk aðfangadeildar er að annast uppbyggingu og skráningu safnkosts bókasafnsins. Deildin annast val og kaup á bókum, tímaritum og öðrum safngögnum. Skráning, flokkun og efnisorðagjöf eru fastir liðir í starfsemi aðfangadeildar.

Á árinu 2003 voru nýskráningar bóka og annarra gagna 1.589 titlar en 4.305 eintök. Afskriftir voru 2.537 gögn.

Safnið sér einnig um skráningu bóka og myndbanda fyrir Fræðsluskrifstofu og voru á árinu skráð 69 titlar, þar af 55 bækur og tímarit og 14 myndbönd. Afskriftir voru 1.

Guðrún Eyjólfsdóttir, deildarstjóri.

BARNA- OG UNGLINGASTARF

HEIMSÓKNIR

Leikskólinn Heiðarsel hélt áfram föstum heimsóknum sínum strax í byrjun árs og fljótlega bættist leikskólinn Holt við. Þá bættist Hjallatún í hópinn á haustmánuðum þannig að nú koma þrjár leikskólar í Reykjanesbæjar í fastar heimsóknir eini sinni í viku. Skráðar heimsóknir leikskólabarna eru 43 ár árinu.

Grunnskólarnir hafa sýnt áhuga á heimsóknum í lok skólaanna. Í vor kom bekkir úr Holtaskóla, Myllubakkaskóla og Heiðarskóla í heimsókn en í desember komu nokkrir bekkir úr Njarðvíkurskóla. Njarðvíkurskóli hefur gert þessar heimsóknir að hefð í desember, þar sem nýútkomnar bækur eru kynntar. Einnig er safnið kynnt og hvað er í boði fyrir alla aldurshópa. Skráðar heimsóknir grunnskólabarna eru 9 á árinu.

Bókasafnið óskaði eftir samstarfi við Listaskóla barna í sumarbyrjun og samstarfið í var í formi heimsókna. Eldi og yngri hópur fyrstu námskeiða komu í heimsókn í júní, hlustuðu á sögu úr norrænni goðafræði og unnu síðan með efnið í skólanum. Skráðar heimsóknir listaskólabarna eru 2 á árinu.

FRAMSÖGUERINDI O.FL.

Líkt og í fyrra hélt undirrituð nokkur framsöguerindi í leikskólum bæjarins, á Holti og Garðaseli fyrir foreldra leikskólabarna og á Tjarnarseli og Heiðarseli fyrir starfsfólk leikskólans.

Óskað var eftir framsöguerindi frá undirritaðri um lestrarmenningarverkefnið í Reykjanesbæ og hvernig það snýr að bókasafninu á fundi þallar á Selfossi undir lok marsmánaðar. Þöll er samstarfshópur barna- og skólabókavarda á Íslandi.

Líkt og undanfarin ár sá undirrituð um kjarnanámskeið fyrir leiðbeinendur á leikskólum í Reykjanesbæ um barnabókmenntir og lestur á vegum Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum.

Undirrituð birti í desember grein í VF um bókaeign á heimilum „Eru til bækur á þínu heimili?“

SUMARLESTUR

Fórum af stað með lestrarhvetjandi verkefni fyrir grunnskólabörn í júníbyrjun undir heitinu Sumarlestur. Börnin voru hvatt til dáða með verðlaunum eftir hverjar 3 lesnar bækur. Viðtökur voru mjög góðar og höfðu í ágústlok 60.437 blaðsíður úr 629 bókum af 123 þátttakendum verið lesnar.

BÓKMENNTAGETRAUN

Ákváðum að fylgja sumarlestri eftir með bókmenntagetraun sem hófst í byrjun október. Í barnaeild er bókmenntagetraun á hverjum degi yfir vetrarmánuðinn, skipt um hver mánaðarmót. Jafnframt er vakin athygli á bók dagsins.

SUMARSÝNINGAR LEIKSKÓLANNA

Fyrsta sumarsýning leikskólanna í Reykjanesbæ var 21. maí og þeirri síðustu lauk 27. ágúst.

Svanhildur Eiríksdóttir, deildarstjóri.

MENNINGARVIÐBURÐIR

Fastir menningarliðir á bókasafninu eru nokkrir: Erlingskvöld í tengslum við fæðingardag Erlings Jónssonar listamanns, Norræna bókasafnavikan í nóvember og bókakonfekt fyrsta laugardag í desember. Uppákomurnar hafa verið haldnar í samstarfi við ýmsa aðila og svo var einnig nú. Góð þátttaka var í þeim öllum.

Þá eru settar upp tilfallandi sýningar eftir því hvað er að gerast í heimi bókana, s.s. í tilefni af degi bókarinnar, alþjóðlega barnabókadeginum og bangsadeginum. Við höfðum öskudagsgetraunir á öskudag, sett upp sýningu í tilefni kaffihátíðar, ein málverkasýning með myndskreytingum úr barnabók var haldin í sumar, við tókum þátt í barnajólum í Duus í desember þar sem 5 ára börnum á leikskólum bæjarins var boðið að koma og kynnast jólnum í gamla daga, lesin var jólasaga og sungin jólalög.

Svanhildur Eiríksdóttir, deildarstjóri

UPPLÝSINGAEILD

Starf upplýsingadeildar hefur verið með óbreyttu formi í ár, þ.e.veitt er fagleg upplýsingaþjónusta og heimildaleitir fyrir þá sem þess óska, nemendur og/eða almenna viðskiptavinir safnsins vegna náms eða hverskonar áhugamála. Fyrirspurnum er einnig svarað í tölvupósti og veitt er þjónusta um millisafnalán.

Starfsfólk upplýsingadeildar hefur undanfarið vakið athygli viðskiptavina sinna á þeim leitargögnum sem almenningur hefur aðgang að á netinu s.s. www.gegdir.is, samskrá íslenskra bókasafna sem opnaður var á netinu á s.l. ári, - á vefsíðunni www.hvar.is þar sem veittur er landsaðgangur að rafrænum gagnasöfnum og www.vefbokasafn.is, safn vefsíðna, samstarfsverkefni íslenskra almenningsbókasafna.

Á árinu var gerð könnun um notkun þessara miðla meðal háskólanema í fjarnámi í Reykjanesbæ og nágrenni, ásamt notkun þeirra á öðrum þjónustubáttum safnsins. Fram kom að u.þ.b. helmingur nemanna nota gagnagrunnanna í námi sínu – en betur má ef duga skal og vonandi að viðkomandi skólar vekji enn frekar athygli nemenda sinna um gagnsemi þeirra.

Geta má þess að búist er við að beiðnir um millisafnalán verði fleiri þegar safnið hefur tengst Gegni, þar sem viðskiptavinir Gegnis, hvar sem er á landinu, geta séð sér hag í að panta bækur frá okkar safni sem og öðrum. Reglur um slíkt verða settar áður en útlánaþáttur Gegnis verður tekin hér í notkun. og að sjálfsögðu séð til þess að viðskiptavinir safnsins gangi fyrir.

Ragnhildur Árnadóttir, deildarstjóri.

ÚTLÁNADEILD

Undir útlánadeild falla eftirtaldir verkþættir: útlán og móttaka safnefnis bókasafnsins og kennslugagnadeildar, innheimta vanskila og safngagna, pantanaþjónusta, heimsendingarþjónusta, útlán til aldraðra, útlán skipasafna, þjónusta við sjúkrahúsið og dvalarheimilin, símsvörun og upplýsingar í síma, upplýsingar og leiðbeiningar til viðskiptavina, tölvuþjónusta fyrir viðskiptavinum, aðstoða viðskiptavina við tölvunotkun, uppröðun í hillur, grisjun og tiltektir, fylgjast með gagnaeign safnsins og koma með tillögum um innkaup gagna, fylgjast með útgáfu gagna bæði innanlands og erlendis, sýningar á safnefni og ýmis önnur tilfallandi verkefni.

Útlán frá afgreiðsluborði safnsins voru 102.073 á árinu, en heildarútlán með allri sérþjónustu voru 104.104. Heimsendingar og útlán á elliheimili og sjúkrahúsið voru alls

1.547 , þar af 784 útlán á Hlévangi. Skráðir lánþegar eru 5.566, þeim fjölgaði um 506 á árinu.

Útlánstími er frá kl. 10.00 - 20.00 virka daga og 10 – 16 á laugardögum yfir veturinn en sumarmánuðina var opið frá kl. 10.00 - 19.00 virka daga og 10.00 - 16.00 á laugardögum.

Embætti deildarstjóra útlánadeildar var lagt niður um haustið vegna mannbreytinga en í stað þess er stefnt að því að ráða tvo vaktstjórar sem verða faglega ábyrgir fyrir starfi útlánadeildar.

Hulda Björk Þorkelsdóttir, forstöðumaður

TÍMARIT OG DAGBLÖÐ Í ÁSKRIFT

Erlend tímarit:

AD Archictural digest
Architectural digest
BHS Christmas ideas
Bibliotek pressen
Biblioteks arbeje
Bo Bedre
Do it yourself
Car and Driver
Cosmopolotian
Empire
Good Book Guide
Hello
Hjemmet
House & Garden
J-17
MacFormat
Mad
National Enquirer
National Geograpic
Newsweek
Norsk Ukeblad
O The Oprah magazine
PC Format
Paris Match
Psychology today
Q Magazine
Schoner Wohnen
Shoot Monthly
Smash Hits
Spiegel, der
Transworld Skateboarding

Íslensk tímarit:

Andvari
Andrés önd
ArkTíðindi

Avs
Árbók kirkjunnar
Bókasafnið
Börn og menning
Eiðfaxi
Eiðfaxi – Stóðhestar
Far tímarit um ferðamál
Faxi
Fjármálatíðindi
Fregnir
Frímerkjablaðið
Frjáls verslun
Gestgjafinn
Golf Magazine
Gróandinn
Heilsuhringurinn
Heima er bezt
Heimili og skóli
Hestar
Hugur og hönd
Hús og híbýli
Húsfreyjan
Iceland Review
Innsýn
Í formi
Íþróttablaðið
Lifandi vísindi
Listin að lifa
Mannlíf
Matartíminn
Málfríður
Náttúrufræðingurinn
Neytendablaðið
Nýtt líf
raust.is
Reykjanesbær
Saga

Sagnir
Sálfræðiritið
Sámur
Séð og heyrt
Sjómannaþlaðið Víkingur
Skinfaxi
Skírnir
Skógræktarritið
Ský
Smellur
Són – tímarit um óðfræði
Sportveiðiblaðið
Sumarhúsið og garðurinn
Sveitarstjórnarmál
Talfræðingurinn
Tímarit máls og menningar
Tölvuheimur
UNIFEM
Uppeldi
Uppeldi & menntun (KHÍ)
Úlfjótur
Úrval
Útivera
Útivist
Veiðimaðurinn
Vera
Vikan
Vísbending
Whitch-Galdrastelpur
Þroskahjálp
Ægir
Æskan
Öldrun

Anna Marta Valtýsdóttir, umsjónarmaður

YFIRLIT YFIR HEIMSÓKNIR, SAMSTARFSVERKEFNI, FUNDI OG NÁM/NÁMSKEIÐ

Heimsóknir

Bæjarstjóri heimsótti safnið í september
Forstöðumaður heimsótti endurbætt Amtsbókasafn á Akureyri í september
Starfsmenn heimsóttu Bókasafn Hafnarfjarðar í nóvember

Samstarfsverkefni

"Bækur og móðurmál" samstarfsverkefni um bækur fyrir nýbúa
Lestrarmenning í Reykjanesbæ, stýrihópur
Landskerfi bókasafna ehf, varastjórn
Starfshópur um vinnustaðanáám í bókasafnstækni frá des 2004
Starfshópur um þjónustu almenningsbókasafns við innflytjendur
Ritnefnd um sögu bókavarda og bókavaraðafélaga
Verkefnisstjórn um námsefnisgerð fyrir séráfangna bókasafnstækninámsins
Vefbókasafnið – samstarfsverkefni 12 almenningsbókasafna
Þöll, samstarfshópur um barnastarf á almenningsbókasöfnum
Ferðamálaráðstefna á Kirkjubæjarklaustri – RLG

Fundir/ráðstefnur

Áhugafólk um ættfræði fundaði einu sinni í mánuði yfir veturinn að vanda.
Fyrirlestur í HÍ - RÁ og AMV
Gegnrir - fundur Suðurstjórnsýslueiningar á Selfossi 7/6 - RÁ og HBP
GoPro.net rástefna – HBP
Húsfélagsfundir. Haldinn var einn fundur á árinu
Innra net - ráðstefna Sjá 25/3 - DG og HBP
Leiðtoganámskeið Lions – RLG
Málstofa um menningu 31/3 í Odda - HBP
Málþing um menningarmál í Norræna húsinu 15-16/1 - HBP
Menningartengd ferðaþjónusta - HBP
MÍT-sviðsfundir vikulega yfir veturinn
Norrænt samstarf bókasafna í KHÍ - ÞJ
Rafræn stjórnsýsla – HBP og DG
Samráðsfundir um tölvu- og upplýsingamál vikulega allt árið
Samstarfsfundir um menningarmál vikulega yfir veturinn
Starfsmannafundir. Haldnir voru 5 fundir á árinu 2004
Upplýsingastefna ríkisstjórnarinnar - kynningarfundur Upplýsingar - RÁ
Vor- og haustfundir SFA. 2 fundir á ári.
Ballarfundur á Selfossi RÁ og SVEI

Námskeið/nám

Bókasafnstækni. Anna Marta og María luku dreifnámi í faginu í desember '04
Diplomanám í opinberri stjórnsýslu - SE
Að selja á vefnum 19/2 - RLG
Aðalfundur Lykils – DG
Fjölmennningarleg samskipti, námskeið á vegum starfsþróunarstjóra
2 dagar í jan - RÁ og SVEI
Gegnrir - námskeið í tenginum – HBP og RÁ
Gegnrir – námskeið í útlánum 29/10 - RÁ
GoPro námskeið 9/12 – HBP og DG
Hvar.is : nýir gagnagrunnar – RÁ
Námskeið fyrir stjórnendur hjá Reykjanesbæ. HBP og RÁ
Námskeið í Outcome – DG og HBP
Proquest 18/5 - RÁ

Upplýsingamiðstöð Reykjaness (UMR)

Opnunartími Upplýsingamiðstöðvar Reykjaness sumarið 2004 var mánudaga-föstudaga frá 10.00-19.00 laugardaga kl. 10.00-16.00. Gestir UMR þetta árið voru alls 4.562 erlendir og 5.024 innlendir, samtals 9.586 gestir. Mest var spurt um samgöngur á milli staða á Reykjanesi þ.e.samgöngur í Bláa Lónið einnig í Leifsstöð. U.M.R.

Helstu verkefni ársins:

- Talning ferðamanna á Upplýsingamiðstöð.
- Markaðsáttak í ferðaþjónustu. Samstarf UMR, Ferðamálaráðs og atvinnumálafulltrúa SSS til markaðssetningar innanlands.
- Gjafabréf. Samstarf við Betri Bæ.
- Bæklinga-umslög hönnun þeirra og dreifing.
- Samstarf við Friðrik Árnason vegna útkomu Reykjanesskorts (Hugmyndavinna/yfirlestur).
- Samstarf við Ferðafélagið Útivist og auglýsingastofuna Athygli í útgáfu ferðablaðs Útivistar, sem tileinkað var Reykjanesi.
- Skipulagning á fræðslufundi um markaðssetningu á Internetinu fyrir ferðaþjónustuaðila, fyrirlesarar voru Birgir Samúelsson, Friðrik Haraldsson og Kristján Már Hauksson.
- Texta- og myndabreytingar í ferðabæklinga og bækur og vefsíður sem uppfært er reglulega.
- Velja vettvang til auglýsinga.
- Ráðgefandi fyrir Ferðamálasamtök Suðurnesja við gerð á gönguleiðakorti um Reykjanes.
- Standa fyrir skoðunarferðum um öll sveitarfélögin á Reykjanesi.
- Kynna afþreyingarmöguleika og náttúru Reykjaness fyrir félagasamtökum.
- Skrifa greinar í fjölmiðla um gönguleiðir og náttúru Reykjaness.
- Dreifing bæklinga í öll sveitarfélög og á alla ferðamannastaði á Reykjanesi.
- Þátttaka í undirbúningi við gerð Sögukorts um Reykjanes.
- Sjá um eftirlit með náðhúsum við Álfubrú.
- Standa fyrir menningaruppákomu á Ljósanótt í samstarfi við Gunnar Eyjólfsson, Karl Steinar Guðnason, Leikfélag Keflavíkur og karlakórinn Víkinga, þar sem gengið var á slóðir Stjána Bláa.
- Samstarf við ferðamálasamtökin við undirbúning fyrir Vest Norden kaupstefnuna sem haldin var hér á landi í september.
- Móttaka erlendra ferðamönnum við Álfubrúna
- Gerð þjónustumappa um Reykjanesið. Samstarfsverkefni með Upplýsingamiðstöð ferðamála í Leifsstöð.
- Fenginn styrkur úr Pokasjóð upp á kr.300.000 til merkingar á Prestastíg sem liggur frá Höfnum að Húsatóttum.

Rannveig L. Garðarsdóttir, verkefnisstjóri.

UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA Í LEIFSSTÖÐ (UML)

Starfsemi Upplýsingamiðstöðvarinnar gekk mjög vel árið 2004. Þær áherslu-
breytingar í starfseminni sem getið er um í ársskýrslu 2003 hafa verið
framkvæmdar með ágætis árangri en örfá atriði þarfnast þó endurskoðunar.

- Aðgangur að Intrakerfi Flugumsjónar hefur breytt gífurlega miklu varðandi starfsemi Upplýsingamiðstöðvarinnar. Kerfið heftur bæði auðveldað upplýsingamiðlun og flýtt fyrir afgreiðslu.
- Í byrjun ársins 2004 vann Upplýsingamiðstöðin á Leifsstöð í samvinnu við Bókasafn og Upplýsingamiðstöð Reykjanesbæjar að gerð þjónustumöppu fyrir Reykjanesið. Sú vinna gekk mjög vel og var möppum dreift til allra landshlutaupplýsingamiðstöðva á Íslandi og helstu ferðamannastaða á Reykjanesi. Viðbrögð ferðaþjónustufyrirtækja við þessu framtaki hafa verið framar öllum vonum. Haft var í huga við gerð þjónustumöppunnar að uppfærsla upplýsingar sem þar eru verði auðveld og einföld í framtíðinni.
- Sumarafgreiðslutímanum var breytt fyrir sumarið 2004. Sú breyting hafði ekki í för með sér tilætlaðan árangur svo endurskoða þarf opnunartíma Upplýsingamiðstöðvarinnar fyrir sumarið 2005.
- Samskipti við ferðaþjónustuaðila á Íslandi hafa yfirleitt gengið mjög vel. Vegna plássleysis hefur ekki verið hægt að hafa alla bæklinga frammi til sýnis og hefur það valdið árekstrum við örfáir einstaklingar sem reka ferðaþjónustufyrirtæki. Örfá atvik hafa komið upp á varðandi leiðsögumenn sem álíta Upplýsingamiðstöðina vera sérstakan dreifingaraðila á bæklingum fyrir sig, en útgáfuaðilar gera ráð fyrir að leiðsögumenn á vegum ferðaþjónustufyrirtækja fái afhenta bæklinga frá sínum vinnuveitendum.
- Dreifing bæklinga hefur gengið frábærlega vel og er Upplýsingamiðstöðin orðin með þeim stærstu sem dreifa bæklingum fyrir ferðaþjónustufyrirtæki hér á Íslandi. Hér eru nokkur dæmi um dreifingar.

Íslandskort	30.000 stk
Reykjavíkurtort	24.000 stk
What's on	6.000 stk
Áning	4.000 stk
Around Iceland	2.499 stk
Reykjaneskort	14.000 stk
- Sala ferðakorta, frímerkja, Rvk.korta og símakorta hefur aukist töluvert en dregið hefur úr sölu á bókunum. Í sumar voru tekin inn póstkort til sölu og reyndist það vel en Upplýsingamiðstöðin hefur einnig boðið upp á þá þjónustu að koma póstkortunum í póst fyrir viðskiptavinum.

Berglind Heiða Sigurbergsdóttir, afgreiðslustjóri

*Ársskýrsla þessi var gerð í janúar 2005
Hulda Björk Þorkelsdóttir
forstöðumaður*